

Chocolate Fix

Leiktu þér við að leysa gómsætar þrautir!

Fyrir einn leikmann, 8 ára eða eldri.

Hver sér um sælgætisbúðina?

Eigandi sælgætisbúðarinnar „Súkkulaðisælu“ fór í frí og bað þig um að sjá um búðina á meðan. Þú þarft að afgreiða hóp súkkulaðióðra viðskiptavina þar sem hver og einn hefur pantað sérstaka blöndu af súkkulaði. Eigandinn skildi eftir pöntunarbókina þar sem kemur fram hvernig hver pöntun á að vera en það vantar hluta af upplýsingunum.




Markmiðið:

Þú átt að nota vísbendingarnar í hverri þraut til að fylla konfektkassann með níu súkkulaðibitum í réttri uppröðun. Þegar þú telur þig hafa raðað rétt í konfektkassann, snúðu spjaldinu við til að sjá lausnina.

Innihald:

- 3 bleikir súkkulaðimolar
- 3 dökkir súkkulaðimolar
- 3 mjólkursúkkulaðimolar
- 1 konfektkassi
- 1 poki til að geyma spilið í
- 40 þrautarspjöld með lausnum

Spilið sjálf:




VÍSBENDINGAR

Tæmdu konfektkassann. Veldu þraut og skoðaðu vísbendingarnar á spjaldinu.

Vísbendingarnar þýða eftirfarandi:



Staðsetning ákveðins konfektmola.




Staðsetning ákveðins lögunar af konfektmola.




Staðsetning ákveðins lits af konfektmola.


Hver vísbending er hluti af konfektkassanum. Sumar vísbendingar vísa á sérstaka staðsetningu í kassanum.




Athugaðu að í sumum tilvikum er hægt að setja vísbendingu á nokkra staði. Innbyrðis röðun hlutanna er sú sama (sjá mynd) en hægt er að staðsetja vísbendinguna á fjóra mismunandi staði innan kassans.




Byrjaðu á þeim vísbendingum sem sýna staðsetningu vissra



Þú þarft kannski að blanda saman nokkrum vísbendingum til að komast að því hvar konfektmolarnir eiga að vera.




Þegar þú ert búin/n að fylla hluta af kassanum þarftu að nota rökhugsun þína til að koma afganginum af molunum fyrir á réttum stöðum.



Í þessu dæmi hefur þú komið fyrir tveimur molum af dökku súkkulaði og tveimur molum af mjólkursúkkulaði. Þú getur því notað litavísbendingarnar til að finna út hvar molarnir sem eftir eru úr dökku súkkulaði og mjólkursúkkulaði eiga að vera í kassanum.

Því fleiri konfektmola sem þú raðar í kassann, því léttara verður að nota vísbendingarnar til að klára þrautina. Í þessu dæmi veita vísbendingarnar með formunum hjálpina sem þarf til að raða seinustu þremur molunum.



Þegar þú ert búin/n að raða öllum níu konfektmolunum í kassann, snúðu þá við þrautarspjaldinu til að sjá hvort þú sért búin/n að raða rétt í. Ef þú hefur raðað rétt í konfektassann þá hefur þú UNNIÐ!



Byrjaður að afgreiða súkkulaðipantanirnar!

Finndu fyrstu þrautina.

Þú skalt nota vísbendingarnar til að finna út hvernig fyrsta pöntunin þín raðast. Ef þú heldur að þú sért búin/n að raða rétt í kassann, snúðu spjaldinu við og berðu það saman við lausnina þína.

Láttu ekki viðskiptavinina bíða lengur og flýttu þér að klára allar pantanirnar.



Góða skemmtun!
Nordic Games,
www.nordicgames.is
Maí 2011